

og bréfi stefnanda verður að líta svo á, að stefnandi hafi brotið samkomulag það, sem málsaðiljar gerðu, og því hafi stefnda verið heimilt að segja honum upp störfum fyrirvaralaust. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Friðgeir Björnsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landsvirkjun, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Óla Þórs Ólafssonar, í máli þessu. Hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Fimmtudaginn 17. desember 1981.

Nr. 260/1981. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Árna Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. desember 1981, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

13. desember 1981.

Ár 1981, sunnudaginn 13. desember, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113 Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinsyni fulltrúa við undirritaða votta kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Föstudaginn 11. desember sl. var handtekinn og yfirheyrður af lögreglu Þórður Már Þórðarson. Við lögregluyfirheyrslu kvað Þórður sig hafa keypt hass af Guðmundi Árna Jónssyni. Kvað Þórður kunningja sinn, Kormák Geirharðsson, hafa keypt með sér efni hjá Guðmundi. Þórður kvað sig hafa átt fíkniefnaviðskipti við Guðmund í sumar er leið, en hafi nú með stuttu millibili í tvö skipti keypt af Guðmundi 38 grömm af hassi. Kvaðst Þórður hafa séð meira af hassi hjá Guðmundi.

Kormákur Geirharðsson hefur hjá lögreglu við yfirheyrslu viðurkennt að hafa farið með Þórði og keypt hass hjá Guðmundi Árna.

Guðmundur Árni Jónsson hefur við lögregluyfirheyrslu viðurkennt að hafa fengið sent „gras“ frá Danmörku. Hafi efnið komið í tveimur myndum, er holar séu að innan.

Guðmundur hefur borið hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa keypt hass hjá aðiljum, er hann vill eigi nafngreina, bæði fyrir sjálfan sig og eins keypt fyrir kunningja sína. Þá hefur Guðmundur nefnt 50 gr af hassi, er hann hafði í umboðssölu nú nýverið. Guðmundur vill ekki nafngreina, fyrir hvern efnið var selt.

Við húsleit á heimili Guðmundar að Hagamel 51, Reykjavík, þann 11. desember sl. fundust 3 gr af marihuana (grasi) auk ýmissa muna og tækja með cannabisleifum á. Þá fundust tvær myndir, sem holar voru að innan, og var hasslykt úr hólfunum.

Við greinda húsleit 11. desember var handtekin á heimili Guðmundar að Hagamel 51, Reykjavík, Drífa Hrönn Kristjánsdóttir, og fundust í hennar fórum ísl. kr. 9.000, danskar kr. 2.500, 10 belgiskir frankar og 10 ísraelsk pund. Bar Drífa, að Guðmundur Árni hefði afhent sér fjármunina, í þann mund er húsleit hófst. Guðmundur Árni hefur hér fyrir dómi kannast við að eiga nefnt fé. Kveður Guðmundur þar vera um að ræða samansafnaða peninga undanfarna 3 mánuði.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, er að ofan er rakið, er verið að rannsaka meint brot á lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974.

Ætla má, að myndir þær, er fundust við húsleit hjá Guðmundi, geti innihaldið um 500 gr af hassi. Úr myndunum var megn hasslykt.

Guðmundur Árni hefur hér fyrir dómi og hjá lögreglu kannast við að hafa keypt til eigin neyslu hass, haft hass í umboðssölu, fengið sent gras erlendis frá og útvegað kunningjum sínum hass. Guðmundur Árni hefur enga aðilja nafngreint. Ekki er talið, að Guðmundur hafi gert nægilega grein fyrir peningum, er fundust á Drífu Hrönn, en Guðmundur er talinn eigandi að.

Samkvæmt ofanrituðu gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Guðmund Árna Jónsson fangelsisrefsingu. Því eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Ætla má, að rannsókn sé skammt á veg komin og að fleiri aðiljar kunnir að dragast inn í mál þetta síðar.

Með vísan til þessa svo og ofanritaðs að öðru leiti þykir með vísan til 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 nauðsyn bera til, að Guðmundur Árni Jónsson sæti gæsluvarðhaldi, er hæfilega telst ákveðið allt að 10 dögum, frá kl. 2030 laugardaginn 12. desember 1981.

Úrskurðarorð:

Guðmundur Árni Jónsson, fæddur 14. júlí 1958, til heimilis að Hagamel 51, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 10 dögum, frá kl. 2030 laugardaginn 12. desember 1981.
